

Víkurlax ehf  
Byggðavegi 111  
600 Akureyri

7. maí 2019  
UST201803-013/F.T.  
08.14.02

### Efni: Staða frávika 2017 - Víkurlax

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 2. mars 2018 þar sem stofnunin áformaði að áminna Víkurlax ehf. vegna fjögurra frávika sem fram komu í eftirliti þann 25. október 2017. hjá Víkurlax ehf, Eyjafirði. Fullnægjandi gögn hafa borist stofnuninni vegna frávikanna.


#### Frávakin voru eftirfarandi:

1. Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum starfseminnar og umhverfis- og rekstrarþáttum tengdum þeim. Skrá skal á skilvirkan hátt og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Engar skráningar voru aðgengilegar í eftirlitinu. **Úrbætur verða teknar út í næsta eftirliti.**
2. Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Gera skal viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa og neyðaráætlun ef til rekstrarstöðvunar kemur. Viðbragðsáætlun og neyðaráætlun voru ekki til staðar og afrit þeirra hefur ekki borist eftirlitsaðila. **Áætlanir bárust þann 17. mars 2018. Fráviki telst lokið.**
3. Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Rekstraraðili skal skrá losun efna út í umhverfið. Niðurstöður mælinga hafa ekki borist eftirlitsaðila. **Niðurstöður mælinga bárust þann 17. mars 2019. Fráviki telst lokið.**
4. Gr. 16. laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal skila inn afriti af tryggingaskírteini vegna bráðamengunar hafs- og stranda skv. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004. **Afrit af tryggingarskírteini barst 17. mars 2018 Fráviki telst lokið.**

Eftirfylgni sem hófst með bréfi dagsettu 2. mars 2018 telst nú lokið. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum, og er gjaldið **kr. 211.200**

  
Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri

Virðingarfyllst

  
Frigg Thorlacius  
lögfræðingur